

HVATI



Tímarit Íþróttasambands fatlaðra

2. tbl. 2009 - 19. árgangur




vancouver 2010
PARALYMPIC GAMES
JEUX PARALYMPIQUES



Fyrsti íslenski keppandinn í alpagreinum
EM í sundi
Íþróttamaður og kona ársins

Stærsti sigurinn er að vera með!



Glæsileg húsgögn á góðu verði

Rúmfatalagerinn er ávalt leiðandi í lágu vöruverði. Magninnkaup tryggja viðskiptavinum okkar hagstæðustu verð hverju sinni. Við erum með fullar búðir af flottum húsgögnum á einstaklega góðu verði!



www.rumfatalagerinn.is

Ávarp formanns - Sveinn Áki Lúðvíksson	5
Ávarp Séra Birgir Thomsen, prestur Sólheima	7
Minning – Hörður Barðdal	9
Keppandi, viðtal Geir Sverrisson	10
EM í sundi - Horft til baka	14
EM í sundi - Laugardalslaug á spjöld sögunnar	16
EM í sundi - Myndasýrpa	18
EM í sundi - Sjálfboðaliðastarf	20
Lionsklúbburinn EIR	23
Samningar - Gott að eiga góða að	25
Mót innanlands	26
Þátttaka í erlendum mótum	28
Kynning á Radisson SAS	29
Íslandsmót í boccia	30
Evrópuráðstefna Special Olympics	32
Aðalfundur IPC og ráðstefna	34
Íþróttafólk ÍF ársins 2009	36
Fyrsti íslenski keppandinn í alpagreinum	38
Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík 35 ára	41
Sterkasti fatlaði maður heims 2009	42
Íþróttasamband fatlaðra 30 ára	43
Tekin á beinið	44
Breki Arnarsson á tækninámskeiði	47
Ferð Aspar til Mallorca	49
Heimsleikar þroskahamlaðra „Global games“	50
Jóla kortið	53



Forsíðumynd:

Erna Friðriksdóttir, fyrsti íslenski keppandinn í alpagreinum

Íþróttasamband fatlaðra (ÍF) var stofnað 17. maí 1979. ÍF er eitt af sársamböndunum innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) en hlutverk þess er að annast íþróttastarf fatlaðra á Íslandi og erlendis.



Útgefandi

Íþróttasamband fatlaðra
Íþróttamiðstöðinni
Laugardal
104 Reykjavík
Sími: 514 4080
Fax: 514 4081

Netfang: if@isisport.is

Veffang: www.ifsport.is

Myndasíða ÍF: www.123.is/if

Ritstjóri

Sveinn Áki Lúðvíksson

Ritnefnd

Anna Karólína Vilhjálmisdóttir,
Jóhann Arnarson, Jón Björn Ólafsson

Myndir:

Anna Karólína Vilhjálmisdóttir, Jóhann
Arnarson, Jón Björn Ólafsson

Umbrot og prentvinnsla

Formprent

Við styðjum Íþróttasamband fatlaðra

Reykjavík

1912 ehf.
A. Margeirsson ehf.
Aðalblikk ehf.
Aðalvík ehf.
Afltækni ehf.
Alpýðusamband Íslands
Arctic rafting ehf.
Arkinn ehf, ráðgjöf og hönnun
Arkitektastofa Finns & Hilmar
Arkitektur.is
ATID ehf.
Auglýsingastofan Dagsverk ehf.
Auglýsingastofan Hvíta húsið ehf.
Austur Indíafélagið
Avis-Budget
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins
Áltak ehf.
Árni Reynisson ehf.
Ás Styrktarfélag
Ásbjörn Ólafsson ehf.
Ásfell ehf.
B.J. Endurskoðunarstofa hf.
B.K. flutningar ehf.
Babysam á Íslandi - BS ehf.
Bakverk-Heildsala ehf.
Barnalæknaþjónustan ehf.
Barnatannlæknastofan ehf.
Barry-International ehf.
Bensínorkan ehf.
BGI málarar
Bifreiðastillingar Nicolai
Bifreiðaverkstæði H.P.
Bílamálun Halldórs Þ. Nikulássonar sf.
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílasala Íslands
Bílasmiðurinn hf.
Bjartur ehf.
Blaðamannafélag Íslands
Blikksmiðurinn hf.
Booztbar/Ísbar
Borgarblöð ehf.
Borgarbókasafn Reykjavíkur
Bókaútgáfan Salka ehf.
Bókaútgáfan Örn og Örlygur ehf.
Bókavirkið ehf.

Bókhaldsstofa Ingimundar T. Magnússonar
Bókhaldsþjónusta Amar Ingólfssonar ehf.
Bóksala kennaranema
Bón-Fús
Brauhúsið ehf.
Brynja ehf. verslun
Brynjólfur Eyvindsson hdl.
Bræðurnir Ormsson ehf.
BSRB
Búr ehf.
Byggingafélagið Þumall ehf.
Casino ehf.
Columbus Classis ehf.
Danica sjávarafurðir ehf.
Dansrækt J.S.B.
Dímon Lína ehf.
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið
Dvalar- og hjúkunarheimilið Grund
E. Ólafsson ehf.
E. Wang Tannlækningar ehf.
Efling stéttarfélag
Eico ehf.
Eiðfaxi ehf.
Endurskoðun og reikningsskil hf.
Englar og Rósir ehf.
Ernst & Young
Esja Kjöttvinnsla ehf.
Eyrir Fjárfestingafélag ehf.
Fakta ehf.
Faxaflóahafnir
Ferð og saga
Ferskar kjötvörur hf.
Félag eggjaframleiðenda
Félag hrossabænda
Fiskbúð Einars
Flísalagnir Afrims ehf.
Flugleiðir frakt
Frjálsíþróttasamband Íslands
Frumkönnun ehf. - Tjónaskoðun
Fræðslumiðstöð ÖÍ
Fröken Júlía ehf.
Fylgifiskar ehf, sérsverslun með sjávarfang
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.
G.S. Export ehf.
G.S. varahlutir ehf.
Garðmenn ehf.
Garðs Apótek ehf.

Íþróttasamband fatlaðra (ÍF) var stofnað 17. maí 1979. ÍF er eitt af sérsamböndunum innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) en hlutverk þess er að annast íþróttastarf fatlaðra á Íslandi og erlendis.

Íþróttafélög innan ÍF eru: Þjótur, Akranesi - Sól, Snæfellsbæ - Íþróttadeild fatlaðra, Stykkishólmi - Ívar, Ísafirði - Gróska, Sauðárkróki - Snerpa, Siglufirði - Akur, Akureyri - Bocciadeild Völsungs, Húsavík - Örvar, Egilsstöðum - Viljinn, Seyðisfirði - Ægir, Vestmannaeyjum - Suðri, Selfossi - Gnýr, Sólheimum Grímsnesi - Nes, Suðurnesjum - Fjörður, Hafnarfirði - Gáski, Mosfellsbæ - Tjaldur, Mosfellsbæ - Björk, Reykjavík - Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík - Íþróttafélag heyrnalausra, Reykjavík - Ösp, Reykjavík.



Sveinn Áki Lúðvíksson

„Þekktu sjálfan þig“

„Þekktu sjálfan þig“ er áletrun sem fannst yfir hofinu í Delfi og Sókrates tók upp sem megin reglu sína. Þvílík regla! og hversu áríðandi hún er fyrir okkur öll.

Að þessi áletrun rifjaðist upp fyrir mér núna, þegar ég skrifa ávarp fyrir desemberhefti Hvata, er vegna þess að þegar maður er í árslok að rifja upp viðburðaríkt ár, þá finnst mér hún eiga við svo marga og margt sem ég hef fylgst með á þessu ári, 30 ára afmælisári Íþróttasambands fatlaðra.

Í gegnum starf mitt fyrir fatlaða hef ég oft undrast dagnað þeirra sem eiga við fötlun að etja og er sama hver fötlunin er, andleg eða líkamleg. Maður veltir því stundum fyrir sér hvort fötlun geri manni kleift að þekkja sjálfan sig betur en annars. Dugnaður og framfarir sem ég hef séð hjá fötluðu íþróttafólki er oft með ólíkindum og ég hef ekki alltaf skilið hvernig þau fara að. En svo hef ég séð hvernig þjálfarar og keppendur vinna saman í því að keppandinn þekki sjálfan sig og sín mörk og ná þannig frekari árangri. En þarf þjálfarinn ekki þar með að þekkja sjálfan sig og getu sína til að leiðbeina öðrum?

Ég held að við öll, fötluð sem ófötluð, náum betri árangri í lífinu með því að þekkja okkur sjálf. Það er sama hvað við erum að gera, við gerum hlutina betur ef við vitum hvers við erum megnug. Nú er ég ekki að tala um að maður eigi að vera með gorgeir og mont og þykjast geta allt eins og fúll á móti, heldur á ég við að maður hafi trú á getu sinni og þekki hin

raunveruleg takmörk. Í ljósi þessa hikaði ég ekki við að gefa jáyrði mitt sem formaður Íþróttasambands fatlaðra þegar ég var spurður hvort Ísland (ÍF), myndi taka að sér að halda fyrsta Evrópumeistaramót fatlaðra í sundi í 9 ár þegar framkvæmdastjóri íþrótt- og afrekssviðs, Ólafur Sigurbjörn Magnússon, hafið fullvissað mig um að Íþróttasamband fatlaðra, starfsmenn þess, stjórnarmenn og velunnarar myndu ráða við verkefnið. Hann þekkti sjálfan sig það vel og vissi getu annarra samstarfsmanna til þess að þetta gengi upp. Samt var honum ljóst að þetta yrði ekki auðvelt því mótið átti að vera prófsteinn á endurkomu þroskaheftra íþróttamanna í hreyfinguna.

Af mörgum öðrum viðburðum á afmælisárinu var Evrópumeistaramótið hápunkturinn og var öllum til mikils sóma. Það er altalað meðal þeirra þjóða sem tóku þátt að mótið hefði farið fram úr björtustu vonum og lyft Evrópumeistaramótum í sundi á nýjan stall. Þeir sem sáu um mótið og allan undirbúning þess þekktu sjálfa sig.

Mótinu eru gerð góð skil í þessu blaði og vona ég að lesendur átti sig á hversu frábært það var og lyftistöng fyrir alla íslensku þjóðina á erfiðum tímum.

Annað efni sem er í blaðinu og nýtur vaxandi vinsælda er viðtöl við fólk sem hefur staðið í eldlinunni í íþróttum fatlaðra, jafnt keppendur sem stjórnendur. Í þessu blaði er viðtal við einn af okkar merkari keppendum, Geir Sverrisson, sem heldur betur þekkti sjálfan sig og er einn fárra manna í heiminum sem hefur komist á verðlaunapall í tveimur keppnisgreinum á sama mótinu, þ.e. í sundi og frjálsum íþróttum.

Eins og ég minntist á hér að framan þá fagnar Íþróttasamband fatlaðra 30 ára afmæli nú í ár og hefur þessum tímamótum verið fagnað með ýmsum hætti. Árið hefur því verið viðburðaríkt og fjölbreytt dagskrá í gangi allt árið. Bæði hafa verið fjölmörg mót innanlands sem utan sem og erlendar heimsóknir. Gestir við opnunarathöfn á Evrópumeistaramótinu í sundi voru m.a. forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, sem setti mótið; forseti alþjóða íþróttahreyfingar fatlaðra, IPC, Sir Philip



Craven og forseti alþjóða íþróttasamtaka þroskaheftra, Dr. Bob Price, og margir aðrir góðir gestir.

Sem betur fer hefur ekki dregið úr framboði á mótum fyrir fatlaða hér innanlands og virðist sem forráðamenn félaganna sem og íþróttanefndir ÍF einbeiti sér að því að draga ekki úr starfi sínu þrátt fyrir fjárhagsörðuleika og er fullur skilningur þeirra á mikilvægi þess að fatlaðir geti stundað sínar æfingar og keppni og á þann hátt haldið getu sinni í hámarki. Það ber að þakka.

Á sama hátt hefur ÍF haldið úti keppnisferðum á alþjóðaleg mót eins og unnt er og stuðlað þannig að því að íslenskir keppendur fái áfram þann möguleika að verja titla sína og berjast áfram til að ná nýjum.

Á næsta ári mun Ísland eiga einn keppanda á Vetrarólympíumóti IPC í Vancouver í Kanada sem fer fram 12. – 22. mars 2010, en það er Erna Friðriksdóttir frá Egilsstöðum sem verður fyrsti íslenski keppandinn. Mun hún taka þátt í alpagreinum á Vetrarólympíumóti fatlaðra og verður spennandi að fylgjast með henni.

Vetrarólympíumót IPC í Vancouver er samt bara einn af mörgum viðburðum sem verða á dagskrá 2010. Að sjálfsögðu byrjum við með okkar sívinsæla barna- og unglingamót í sundi í sundlauginni í Laugardal og svo koma verkefnin hvert á fætur öðru. Vil ég benda lesendum á að fara inn á heimasíðu ÍF, <http://www.ifsport.is>, og skoða allt sem fer fram.

Að lokum vil ég óska öllum fötluðum íþróttamönnum, dyggum velunnurum, fórnfúsum sjálfbóðaliðum sem og landmönnum öllum, gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Sveinn Áki Lúðvíksson,
formaður ÍF

Við styðjum Íþróttasamband fatlaðra

Garðtækni sf.	Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns ehf.	Landssamband kúabænda
Gastec ehf.	Hljóðbók.is	Leðurverkstæðið sf.
Gáski ehf. - Sjúkrapjálfun	Hópferðapjónusta Reykjavíkur	Listasafnið Hótel Holt ehf.
Geiri ehf.	Hótel Leifur Eiríksson ehf.	Litsýn ehf.
GG - Optik ehf.	Hreinsibílar ehf.	Lífstykkiabúðin ehf.
Gilbert úrsmiður Laugavegi 62	Hreinsitækni ehf.	LP-Verk ehf. - Byggingafélga
Gissur og Pálmi ehf.	Hreyfimyndasmiðjan ehf.	Lýsing hf.
Gistihúsið Písa	Hvítlist hf.	Lögmenn Borgartúni 33
Gítarskólinn	Höfðakaffi ehf.	Matborðið hf.
Gjögur hf.	Iceland Seafood ehf.	Málrameistarar ehf.
Glaxo Smith Kline ehf.	IÐNÓ	MD Vélar ehf.
GLÁMA / KÍM Arkitektar ehf.	Iðntré ehf.	Mekka Wines & Spirits hf.
Gluggahreinsun Loga Guðjónssonar	Ingileifur Jónsson ehf.	Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Gluggasmiðjan ehf.	Intrum á Íslandi ehf.	Menntaskólinn í Reykjavík v. bókasafns
Grandakaffi ehf.	ISS Ísland ehf.	Menntaskólinn við Hamrahlíð
Grásteinn ehf.	Ísbúð Vesturbæjar ehf.	Minjavernd
Grillhúsið Tryggvagötu	Íslensk endurskoðun ehf.	Móa - íslensk smyrsl og heilsuvörur
Guðmundur Arason ehf. Smíðajárn	Ís-spor hf.	-www.moa.is
Guðmundur Jónasson ehf.	Íþrótta- og tómstundasvið	Múli ehf.
Gullkistan	Reykjavíkurborgar	Múrþjónusta Braga
Gullsmiðurinn í Mjódd	Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík	Mýta ehf.
Gunnar Eggertsson hf.	Íþróttafélagið Fylkir	Mörk ehf. gróðrarstöð
Gæðagarn og lopi sf.	Jarteikn ehf.	Nobex ehf.
Halli Gullsmiður	JBS ehf.	Norræna félagið á Íslandi
Hamborgarabúllan	Jens Guðjónsson hf.	Nýi tónlistarskólinn
Happdrætti Háskóla Íslands	Jón Sigmundsson Skartgripaverslun hf.	Oddgeir Gylfason Tannlæknastofa
Harka ehf.	JP Lögmenn ehf.	Olíudreifing ehf.
Hár ehf.	Kaffi Paris	Orkusalan ehf.
Hárfinnur ehf.	Kaffibarinn ehf.	Ottó B. Arnar ehf.
Hárgreiðslustofa Höllu Magnúsdóttur	Kaþólska kirkjan á Íslandi	Ó. Johnsson & Kaaber ehf.
Hárgreiðslustofan Greiðan ehf.	Kemis ehf.	Óbyggðaferðir ehf. - www.icesafari.is
Hársnyrtistofan Grand	Kjaran ehf.	Ósal ehf.
Helgason og Co. ehf.	Knattspyrnusamband Íslands	Pappalagnir ehf.
Henson hf.	Kraftur hf.	Parlogis hf.
Hereford steikhús	Kramhúsið	Passion Reykjavík
hf. Eimskipafélag Íslands	Krydd og Kavíar ehf.	Pelsinn verslun
HGK ehf.	Kvikk þjónustan ehf.	Pétur Stefánsson ehf.
Hitatækni hf.	Lagnagæði ehf.	PH Eignir ehf.
Hjá Jóa Fel.	Landssamband hestamannafélaga	Pipar og salt
Hjálpræðisherinn á Íslandi	Laugardal	

Ávarp á aðventu 2009



Særa Birgir Thomsen

Ég vakna að morgni og þakka Guði fyrir hvíld næturinnar og að fá að vakna til nýs dags, nýrra tækifæra og verkefna. Ég minni mig gjarna á að hugsa jákvætt fram á daginn og gæta þess að ákveða ekki fyrirfram hvernig hlutirnir verði og hvort dagurinn verði erfiður eða ekki, heldur að mæta hverri stund með opnum huga.

Við verðum öll að kannast við erfiðleika og mistök í lífinu en við getum eftir megni reynt að hafa áhrif á hugsanir okkar svo að jákvæð og uppbyggjandi markmið komist að í huga okkar. Þetta er nauðsynlegt vegna þess hve mikil áhrif hugsanir hafa á líf okkar og tilveru.

Við höfum öll okkar eiginleika sem við getum nýtt okkur sjálfum og öðrum til góðs. Þetta kemur upp í hugann þegar fylgst er með þeim mikla og góða árangri

sem þátttakendur í Íþróttasambandi fatlaðra hafa sýnt með svo miklum ágætum á undangengnum árum. Með þátttöku öðlumst við bæði andlegan og líkamlegan styrk. Við hér að Sólheimum höfum hrifist með þegar íbúar í okkar samfélagi koma brosandir út að eyrum af ánægju og stolti eftir þátttöku í íþróttamótum sambandsins.

Í myrkri skammdegisins, oft og tíðum í erfiðu tíðarfari, sækir hugurinn til ljóssins, þess ljóss sem kom í heiminn einmitt á jólanóttu. Við þurfum að staldra við og hugsa, koma ró á hugann og ró á líf okkar í þeim mikla hraða sem einkennir svo margt í dag. Skammdegið er ekki endilega tími myrkurs og drunga, það er ekki síður tími ljóssins sem lýsir í myrkrinu. Ljóssins sem leiðir okkur til

betra lífs, ljóssins sem kemur skikkan á líf okkar.

Á þessum tíma ársins, aðventunni, hlökkum við til jólanna – en gerum við það öll? Það er því miður ekki svo. Hjá sumum er kvíði vegna fjármála, erfiðleika í fjölskyldunni og sumir syrgja og sakna. Það er einmitt þá sem það er svo mikilvægt að leita eftir styrk í bæninni, styrk hjá frelsaranum sem fæddist á jólum.

Hann lagar ekki Vísa-kortið en hann gefur okkur styrk til að takast á við daglegt líf, styrk sem gefur okkur vonina og hugrekki til að mæta áföllum í lífinu.

Með þá von í brjósti og þá birtu í huga sem kemur frá Jesú Kristi frelsara okkar getum við tekist á við svo margt sem annars ber okkur ofurliði.

Ég fer stundum í huganum með eftirfarandi vers úr Passíusálmunum:

Láttu Guðs hönd þig leiða hér,

lífsreglu halt þá bestu:

Blessuð hans orð, sem boðast þér,

í brjósti og hjarta festu.

Ps. 44:10

Það er svo gott að finna nærveru Guðs, finna þann styrk sem því fylgir að biðja og öðlast fyrir tilstilli bænarinnar þann innri frið og lífsfyllingu, í trú, von og kærleika sem er okkur svo mikilvægt.

Með kærum kveðjum

Birgir Thomsen, prestur Sólheima

Perlan

Ein magnaðasta bygging Reykjavíkur á daginn.
Eitt besta veitingahúsið á kvöldin.

Tilvalið fyrir
árshátíðina!

Allt í steik

Hefst 9. janúar

Pann 9. janúar 2010 hefst hinn árlegi og stórvinsæli *Allt í steik* matseðill Perlunnar, sem er fjögurra rétta sérseðill þar sem gestir geta valið á milli þriggja aðalrétta.

Allt í steik hentar einstaklega vel fyrir árshátíðir fyrirtækja.

Árið 2010 hefst *Allt í steik* viku síðar en árið 2009 því **Perlan verður lokað vegna breytinga 2.-8. janúar.**


Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!



Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207 - Netfang perlan@perlan.is - Vefur www.perlan.is



Hörður Barðdal - Minning



Kveðja frá Íþróttasambandi fatlaðra

Fallinn er frá einn af frumkvöðlum íþrótta fatlaðra hér á landi, Hörður Barðdal, eftir snarpt veikindastríð. Hans verður sárt saknað í íþróttastarfi fatlaðra. Hann lagði þeim lið frá upphafi og vildi veg þeirra sem mestan en hann hafði mjög góða nærveru, var glaðlyndur og ráðagóður.

Hörður var strax við stofnun Íþróttasambands fatlaðra árið 1979 kosinn í stjórn sambandsins og sat í stjórn þess til ársins 1986. Hann var árið 1994 sæmdur gullmerki ÍF fyrir störf sín í þágu íþrótta fatlaðra.

Hörður var einn af fyrstu keppendum Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík og keppti í sundi á Norðurlandamóti fatlaðra árin 1976 og 1977, þar sem hann vann til

brons- og silfurverðlauna. Hann var meðal þátttakenda árið 1980 þegar Ísland sendi í fyrsta sinn þátttakendur á Ólympíumót fatlaðra í Arnheim í Hollandi og keppti þar í sundi.

Á árunum 1965-1970 lék hann sundknattleik með ófötluðum KR-ingum og varð nokkrum sinnum Íslands- og Reykjavíkurmeistari í þeirri grein. Einnig var hann um tíma sundþjálfari hjá KR. Árið 1977 varð Hörður fyrstur til að vera valinn íþróttamaður ársins úr röðum fatlaðra. Hörður var í fararstjórn á vetrarólympíumóti fatlaðra í Lillehammer árið 1994.

Honum var alla tíð mjög annst um að gera íþróttir aðgengilegar fötluðum og var hvatamaður að vetraríþróttum fatlaðra sem og golfi og var ein aðaldrifjöðurin í GSFÍ, Golfsamtökum fatlaðra á



Íslandi, og var formaður frá stofnun samtakanna.

Mín kynni af Herði hófust þegar ég byrjaði sem þjálfari hjá ÍFR og síðan áttum við gott samstarf innan stjórnar ÍF og alla tíð síðan því að gott var að leita til hans þar sem hann var hugmyndaríkur og framsýnn.

Að leiðarlokum þakka ég Herði Barðdal samfylgdina og þakka fyrir hönd Íþróttasambands fatlaðra hans óeigingjarna og förnfusa starf. Móður hans, börnum og ástvinum öllum sendi ég mínar innilegustu samúðarkveðjur.

Sveinn Áki Lúðvíksson, formaður





Ég vil enga forgjöf

Texti: Jón Björn Ólafsson

„Heimsmeistaramótin voru mín mót, Ólympíumótin gáfu mér eitt gull annars voru það alltaf einhver silfur,“ sagði Geir Sverrisson í viðtali við Hvata. Við heffum leik á hátindi spretthlaupanna hjá Geir og byrjum í Berlín 1994. „Ég vann þrefalt á HM í Berlín, í eithundrað, tvöhundruð og fjögurhundruð metra hlaupi. Fjórum árum síðar á HM í Birmingham á Englandi vann ég tvöfalt, í eithundrað og tvöhundruð metra hlaupi en vann svo til silfurverðlauna í fjögurhundruð metrunum. Ég byrjaði reyndar í fjögurhundruð metra hlaupi sem aðalgrein en fór svo að kjánast í styttri vegalengdum sem kom eiginlega niður á fjögurhundruð metra hlaupinu. Fyrri part ferilsins var ég bestur í fjögurhundruð metrunum en svo fór maður að lyfta meira og að reyna að spreyta sig í styttri hlaupum,“ sagði Geir og eflaust vildu ófáir íþróttamenn geta átt viðlíka reynslusögur. Hvati fékk að skyggjast á bak við afrekin hjá þessum magnaða íþróttamanni en viðlíka árangur fæst ekki keyptur í næsta kornflögupakka úti í sjoppu eins og við komumst að.

Keflvíkingur í Njarðvík

Geir er Keflvíkingur að upplagi og fötlun hans er meðfædd en á hann vantaði hægri höndina frá olnboga. Fötlun Geirs aftraði honum þó ekki frá því að reyna fyrir sér í fótbolta en þegar hann varð 15 ára urðu vatnaskil í lífi hans. „Það má segja að ég hafi byrjað að æfa íþróttir 15 ára gamall. Á Suðurnesjum er yfirleitt ekki hægt að gera margt annað en hópíþróttir en svo slysaðist ég í sundlaug 15 ára gamall og fór þá beint á Íslandsmót ÍF,“ sagði Geir og það ber kannski vott um hugarfar þessa magnaða íþróttamanns að ári síðar vann hann til silfurverðlauna í 100m. bringusundi í Kóreu.

„Ég flutti í sundlauginna ef svo má að orði komast, fyrir sunnan var kominn vísir að íþróttafélagi fyrir fatlaða en ég æfði með sunddeild Njarðvíkur,“ sagði Geir en jafnan telst það miklum tíðindum sæta þegar Njarðvíkingar eða Keflvíkingar sækja vatn yfir lækinn eins og sagt er á Suðurnesjum. Það er þó helst bundið við körfuboltann en Geir fór í sundið og fékk eldskírni sína á Íslandsmót

ÍF sem fram fór í sundlauginni uppi á Keflavíkurflugvelli.

„Ég varð annar í bringusundi á mótinu og náði að halda í við þáverandi Íslandsmeistara, Jónas Óskarsson, svo dó ég algerlega og minnir að ég hafi náð að klára í öðru sæti. Eftir þetta var ekki aftur snúið og ég held að Erlingur Jóhannsson eða aðrir sundgárungar hafi farið af stað og gefið þær skipanir að koma mér í laugina endanlega. Þannig varð þetta til og ég byrjaði í B-hóp hjá sunddeild Njarðvíkur og var mánuð að vinna mig upp í A-hóp,“ sagði Geir sællrar minningar og ekki leið á löngu uns hann náði fáheyrðum og stórmerkilegum árangri sem íþróttamaður.

Verðlaun í sundi og frjálsum í Barcelona

„Malmö var minn staður í sundinu en ég fór snemma þangað með ÍFR og þar fann ég mig. Í Malmö setti ég metin mín og náði þar jafnvel betri tímum en á stórmótunum þar sem keppt var í 50m. laug. Ég var miklu betri í 25m. lauginni


og bætti mig alltaf rosalega í Malmö og ég á eftir að fara þangað einn daginn því að þarna á ég mjög góðar minningar,” sagði Geir en árið 1991 bættust frjálssar íþróttir inn í myndina.

„Ári fyrir Ólympíumótið í Barcelona byrjaði ég að æfa frjálssar og ég var strax farinn að hlaupa hratt,” sagði Geir sem árið 1992 vann til verðlauna í báðum íþróttagreinunum, sundi og frjálsum. Þá vann hann einu verðlaunin á Ólympíuvettvangi sem Ungmennafélag Njarðvíkur hefur unnið til. Þau fyrstu komu í Seoul árið 1988. „Ég gleymi því aldrei þegar þáverandi þjálfarinn minn í frjálsum, Stefán Jóhannsson, sagði við mig í rútu eftir síðustu grein í Barcelona að hann sæi mig fyrir sér í 4x400m. landsliði ófatlaðra. Stefán reyndist sannspár því aðeins tveimur árum síðar stóðu þessi orð hans heima. Ég keppti með frjálsíþróttalandsliði Íslands árin 1994, 1995 og 1997 og gengið var svona misjafnt,” sagði Geir sem hafði á þessum tímamarki litið tíma fyrir annað en íþróttir.

„Maður reyndi auðvitað að mennta sig með öllum þessum æfingum og gamli sundþjálfarinn minn í Njarðvík, Friðrik Ólafsson, lagði mikla áherslu á að við værum ekki að láta æfingarnar bitna á náminu. Maður missti aldrei úr æfingu en gerðist í staðinn bara skipulagðari,” sagði Geir sem telur árangur sinn m.a. felast í því að hann æfði með og keppti við ófatlaða íþróttamenn.

Vil enga forgjöf

Geir var eini sundmaðurinn hjá sunddeild Njarðvíkur með fötlun. „Ég held að þetta sé reyndar ákjósanlegasta staðan, að fatlaðir geti blandað sér inn í félög ófatlaðra og fái helst sem minnsta forgjöf, ef þeir mögulega geta. Þetta kom mér svo mikið til góða að ég tel að ég hefði ekki náð þessum árangri ef ég hefði ekki blandast í hóp ófatlaðra, maður fann sér sterkan sundmann til að miða sig við, elti hann og reyndi að verða betri. Þesskonar þankagangur færði mig skyndilega í þá stöðu að ég var farinn að taka spretti með Jóni Arnari Magnússyni



Geir er einhver mesti frjálsíþróttamaður sem Ísland hefur átt.

tugbrautakappa. Þetta er nákvæmlega eins og þegar ég fæ 6 ára nemendur í byrjun skólans til mín. Það tekur þau í mesta lagi einn til tvo tíma fyrir þau að sjá mig ekki sem mann með fötlun. Þannig hef ég upplifað íþróttirnar allt mitt líf og maður nær því með því að vera ekki að spila sig fatlaðan. Ég er bara eins og þið hin, ég vil enga forgjöf!”

Geir vildi helst verða betri en ófatlaður einstaklingur og það var og er enn þann dag í dag hans skapgerð. „Það er hægt að taka þennan pól í hæðina og svo hinn og spila sig sem eitthvert fórnarlamb eða undirmálsmann,” sagði Geir sem vill alls ekki varpa neinum skugga á það starf sem unnið er í aðildarfélögum ÍF heldur einungis greina frá sínum reynsluheimi í æfingum og keppni á meðal ófatlaðra.

„Ég var með mjög árangursmiðaða hugsun, ég hugsaði bara í sekúndum og út frá þeim þælingum náði ég árangri. Maður þefaði líka upp hvert einasta innanfélagsmót hingað og þangað um landið, hjá fötluðum jafnt sem ófötluðum. Vissulega keppti ég á mótum ÍF en fyrir mig kom árangurinn ekki á þeim vettvangi heldur kom hann á alþjóðlegum mótum.

Ég vona bara að þetta sé enn hátturinn í dag því að lykillinn hjá okkur öllum, sem stóðum í svokölluðu blómaskeiði ÍF, var að við æfðum með félögum ófatlaðra og þegar á hólminn var komið og maður var fulltrúi Íslands á stórmótum fatlaðra þá lét árangurinn ekki á sér standa,” sagði Geir en benti líka á sérstöðu Íslands í þessum efnum, þ.e. að íþróttamenn með fötlun hefðu kost á því að æfa með íþróttafélögum ófatlaðra.

„Ef önnur lönd, og þau eru mörg, leyfa ekki eða láta ekki íþróttamenn með fötlun æfa með ófötluðum íþróttamönnum þá höfum við á Íslandi forskot og ég tel það einn af kostunum við það að vera í litlu íþróttasamfélagi. Ég skora á þjálfara í félögum ófatlaðra að taka opnum örmum á móti íþróttamönnum með fötlun sem hafa áhuga á því að æfa hjá þeim. Þá er ég þess líka viss að þetta fyrirkomulag sé vel til þess fallið að auka á þekkingu tiltekins þjálfara. Ég er viss um að gamli sundþjálfarinn minn í Njarðvík, Friðrik Ólafsson, hafi ekki síður lært af mér en ég af honum. Friðrik þurfti stöðugt að skoða mín mál frá nýjum víddum því þarna var hann kominn með sundmann

sem hafði ekki alla útlimina til að útfæra ákveðið sund eins og bar að gera hjá ófötluðum íþróttamanni. Þetta krafðist nýrrar útfærslu og Friðrik leysti þessi mál mjög vel.“

Blóð, sviti og tár

Seint munu íþróttamenn hrista árangurinn fram úr erminni eins og ekkert sé og því fékk Geir að kynnast. Hámarksárangur á stóra sviðinu útheimtir nánast ómanneskjulega vinnu. „Ég skil ekki í dag hvernig ég fór að þessu, þetta var alger geðveiki. Þetta voru fjölmargar sundæfingar og svo komu frjálsar inn í myndina með námi, þá sá ég um bókhaldið fyrir fjölskyldufyrirtækið og ég átti líka kærustu. Þetta var í raun bara rútína, félagsskapurinn var þarna og maður vildi ekki missa úr einn einasta hjartslátt á æfingum og var vakinn og sofinn yfir þessu,“ sagði Geir en stóð hann sig aldrei að því að spyrja spurningarinnar sem íþróttamenn hræðast mest? Hvern fjáránn er ég eiginlega að gera?

„Það var aldrei nokkurn tímann efi í þessu hjá mér, ekki bara fyrr en einn daginn árið 2000 og skömmu síðar var ég hættur. Þarna fyrir níu árum var bara komið að leiðarlokum. Ég lifði fyrir íþróttirnar og árangurinn kom bara sem plús,“ sagði Geir en Hvati hafði unnið heimavinnuna sína fyrir viðtalið og frá ónefndum heimildarmanni fengum góða sögu af metnaði og áræðni Geirs sem nær allt aftur til Fjölbautaskóla Suðurnesja.

Vérlitunarbikarinn

„Við útskrift mína frá Fjölbautaskóla Suðurnesja fékk ég afhentan vérlitunarbikarinn! Ég hló á leiðinni upp á svið og var ennþá hlægjandi þegar ég settist niður og fólk hló bara með mér. Þetta var bara fyndið, að þessi einhenti skyldi fá vérlitunarbikarinn,“ sagði Geir og hló en bætti við að þetta væri brjálæðið sem hefði einkennt íþróttuferil hans.

„Ég var með rafmagnsritvél í 10. bekk og fór svo að keyra bókhaldið í nýrri tölvu fyrir þabba en hún var keypt til



Geir í drekaflugi sínu

þess að bjarga fjölskyldufyrirtækinu. Ég tók síðan einn vérlitunaráfanga í fjölbraut og kennarinn minn sagði bara að réttast væri að ég myndi taka stöðupróf. Úr þessu prófi var árangurinn það góður að ég vann vérlitunarbikarinn,“ sagði Geir en tölvurnar áttu eftir að elta hann inn í framtíðina.

Drekaflug


Í dag vinnur Geir við tölvur sem upplýsingatæknikennari í Smáraskóla en hann tók eitt ár í tölvunarfræði en var ekki með nægilega sterkan stærðfræðibakgrunn. „Svo fannst mér svo mikið af tölvunördum þarna,“ sagði Geir og hló en verandi umsjónarmaður heimasíðu ÍF og sterkur á svellinu í forritun þá gerir hann sér vel grein fyrir því að hann tilheyrir þessum hópi. „Ég fór síðan í Íþróttakennaraháskóla Íslands á Laugarvatni og kenndi þ.a.l. íþróttir í grunnskóla í smá tíma en er nú kominn í Smáraskóla,“ sagði Geir en hefur það ekkert kitlað hann að byrja aftur í frjálsum eða sundi? „Þessi pakki er búinn, ég á eftir að halda mér í formi á sem fjölbreyttastan

og skemmtilegastan hátt. Ég er reyndar nýbyrjaður að synda aftur og er að reyna að yfirvinna þessa klórfóbíu þar sem ég fékk alveg nóg af sundi. Á meðan ég get þá vil ég einhver læti, smá spennu og fyrirhöfn og svo þegar ég get það ekki lengur þá fer ég í golf eða fallhlífarstökk,“ sagði Geir hress í bragði en hann stundar líka Kitesörf eða drekaflug eins og það kannski best útleggst á hinu ástkæra yllhýra. Þá eru menn á sjóbrettum eða snjóbrettum með fallhlífar sem kallaðir eru drekar og toga menn áfram og upp í loftið. Enn eitt afbrigðið af áræðni Geirs komin í ljós því vissulega væri hentugra að stunda drekaflug með tvær hendur en gangi ykkur vel að telja honum trú um það!

Þjálfka kannski í framtíðinni

Þekkt er að margir fyrrverandi íþróttamenn snúi sér að þjálfun að ferlinum loknum en Geir sér það ekki gerast, í það minnsta ekki strax. „Eftir að ég útskrifaðist úr Íþróttakennaraháskólanum þjálfaði ég í tvö ár eða svo en svo kom fjölskyldan inn í myndina og þá fannst mér það orðið of bindandi að vera þjálfari.

Mikið er keppt um helgar og mikill tími sem fer í þetta þó svo að þjálfun sé gefandi þá er hún bara ekki á dagskránni á næstunni. Annars sé ég það alveg gerast að ég fari að þjálfa í framtíðinni,“ sagði Geir en hver er hans tilfinning fyrir framtíðinni í íþróttum fatlaðra? „Ég vona bara að þjálfarar verði ófeimnir við að koma íþróttamönnum með fötlun fyrir hjá ófötluðum íþróttafélögum. Ég tek það samt fram að sú vinna sem fer fram í aðildarfélögum ÍF er frábær og það veit ég af eigin reynslu en það er bara svo mikilvægt að fatlaðir reyni sig á meðal ófatlaðra. Ég hef ekki miklar áhyggjur af stöðunni í dag og kannski er bara of mikið stress í gangi yfir því að nú standi ekki yfir eitthvert gullaldartímabil. Svona tímabil mun koma aftur og ég þykist vita að ÍF sé að leggja línurnar og vinni sína vinnu vel sem og aðildarfélög ÍF. Staðreyndin er einfaldlega sú að árangurinn kemur og fer í íþróttum, maður er ekki alltaf meistari.“



Börn Geirs: Gunnhildur Björk, Heiðrún Erla og Helgi



GEIR Í HNOTSKURN:

Geir Sverrisson

Fæddur 1971

Heimabær: Keflavík

Eiginkona: Sigrún

Aðalheiður Gunnarsdóttir

Börn: Heiðrún Erla Geirsdóttir

6 ára, Gunnhildur Björk

Geirsdóttir 4 ára og

Helgi Geirsson 2 ára.

Árangur Geirs á stærstu mótunum:

Seoul 88

Silfur í 100m bringusundi

HM ,90 í sundi - Assen

Gull í bringusundi, 100 og 200

Barcelona 92

*100 bringa gull /
100m hlaup brons*

Berlin 94

Hlaup, 100,200 og 400 gull

Atlanta 96

Hlaup, 100, 200 og 400 silfur

Birmingham 98

Hlaup, 100/200 gull, 400 silfur



VÍSUNARMANNATÉLAG
SUÐURNESJA





Horft til baka

Texti: Jón Björn Ólafsson

Þegar horft er til baka og undirbúningur og framkvæmd Evrópumeistaramóts fatlaðra í sundi er skoðuð þá fyllist maður stolti og þakklæti til allra þeirra sem að mótinu komu. Síðan hitt – það að taka að sér að halda mót af þessari stærðargráðu var náttúrlega bara bilun. Aldrei áður hafði jafn stórt alþjóðlegt sundmót verið haldið hér á landi og því engin forskrift að því hvernig að slíku skyldi staðið! Af ýmsum ástæðum hafði Evrópumeistaramót fatlaðra í sundi ekki farið fram síðan 2001 og því heldur ekki hægt að leita fanga og fá upplýsingar um mótahald af þessum toga frá fyrri framkvæmdaaðilum. Þannig var nú það og því ekki um annað að ræða en að víða að sér upplýsingum þeirra sem þekkja til móta sem þessa og fá síðan fólk til starfa sem vant er að standa að framkvæmd móta.

Forsaga þess að litla Ísland tók að sér framkvæmd mótsins nær til nóvember árið 2007 en þá fór fram í Seoul í Suður-Kóreu aðalfundur Alþjóða-ólympíuhreyfingar fatlaðra – IPC. Á fundinum var samþykkt tillaga Íslands

um heimild til handa þroskaheftum íþróttamönnum til þátttöku í mótum sem IPC stæði fyrir. Það hafði þeim verið meinað síðan árið 2000 í kjölfar svindlmála er upp komu á Ólympíumóti fatlaðra sem haldið var það ár. Tillagan var samþykkt og þroskaheftum íþróttamönnum heimiluð til reynslu þátttaka í mótum IPC á árinu 2009. Í kjölfarið voru fulltrúar Íslands spurðir að því hvort Ísland, sem aðalhvataland ofangreindrar tillögu, tæki ekki að sér að halda fyrsta mótið í Evrópu með þátttöku þroskaheftra íþróttamanna. Sannast sagna áttu fulltrúar Íslands erfitt með að neita þessari bón en settu strax þá fyrirvara að áður en endanlegt samþykki yrði veitt þyrfti að fá stuðning ríkis og borgar hér á landi við verkefnið sem og að fyrir lægi skrifleg yfirlýsing IPC og INAS-Fid (alþjóðasamtök þroskaheftra íþróttamanna) um þátttöku þroskaheftra í mótinu.

Strax í ársbyrjun 2008 voru haldnir fundir með þáverandi menntamálaráðherra, frú Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur og þáverandi félagsmálaráðherra og

núverandi forsætisráðherra, frú Jóhönnu Sigurðardóttur sem og borgarstjóra, frú Hönnu Birnu Kristjánsdóttur um málið. Strax fengust mjög jákvæð viðbrögð um stuðning og aðkomu ríkis og borgar að verkefninu og ákveðið að ganga til samninga eftir Ólympíumót fatlaðra sem fram fór í Peking það sama ár. Stuttu seinna hrundi heimurinn yfir okkur með tilheyrandi hruni bankanna og öðru því er öllum er kunnugt. Þær kjarnakonur sem að ofan eru nefndar höfðu því í mörg horn að líta og endanlegt samþykki ríkis og borgar lá því ekki fyrir fyrr en í lok árs 2008. Dýpra var þó á sameiginlegri yfirlýsingu IPC og INAS-Fid um hvernig að þátttöku þroskaheftra yrði staðið. Sú yfirlýsing lá fyrst fyrir í byrjun árs 2009 og samningar milli IPC og Íþróttasambands fatlaðra um framkvæmd mótsins undirritaðir í kjölfarið, nánar tiltekið í byrjun febrúar. Þá fyrst var hægt að hefjast handa og aðstoðar við verkið leitað hjá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, Sundsambandi Íslands, Íþróttabandalagi Reykjavíkur og Íþrótt- og tómstundaráði Reykjavíkur. Þá var

www.ossur.com



ráðinn til að stýra verklegri framkvæmd mótsins Gústaf Adolf Hjaltason, formaður sundfélagsins Ægis, sem margsjóaður er í framkvæmd sundmóta af öllum stærðum og gerðum.

Í kjölfarið voru reglulega haldnir undirbúningsfundir með lykilfólki og mótið og umgjörð þess fór smátt og smátt að taka á sig mynd. Hópbílar voru fengnir til þess að annast farþegaflutninga, Café Easy eða Stjörnuveitingar til þess að sjá um veitingar en mataraðstaða þátttakenda var í anddyri Laugardalshallar. Fyrirtækið með Oddi og egg sá síðan um opnunar- og lokahátíð mótsins ásamt því að sjá um útlitshönnun innlaugarinnar í Laugardal. Opnunarhátíð Evrópumeistaramóts fatlaðra í sundi 2009 fór síðan fram með miklum glæsibrag í Sundmiðstöðinni í Laugardal þann 17. október og næstu daga fór fram sex daga samfelld „sundveisla“ þar sem allir bestu sundmenn Evrópu sýndu allar sínar bestu hliðar og settu fjölmörg Evrópu- og heimsmet. Beinir útsendingar frá mótinu vöktu gríðarlega athygli alls almennings og er óhætt að fullyrða að mótið hafi verið einhver besta

auglýsing sem Íþróttasamband fatlaðra hefur fengið á íþróttum fatlaðra.

Verkefni sem þetta er ekki hrist fram úr erminni og væri ógjörningur ef ekki hefði komið til aðstoð og stuðningur fjölmargra aðila. Áður hefur verið getið aðkomu ríkis og borgar og aðila íþróttahreyfingarinnar. Að öðrum ólöstuðum ber sérstaklega að þakka Sundsambandi Íslands þess framlag, Gústafi Adolf og hans konu, Guðrúnu Sigurbórsdóttur, Hópbílum og Café Easy að ógleymdum aðalsamstarfsaðilum mótsins, Össuri hf. og Orkuveitunni. Einnig öðrum fyrirtækjum sem styrktu mótið, Lionsklúbbunum Eiri, starfsfólki Laugardalslaugar, sjálfboðaliðum og öllum þeim er á einhvern hátt studdu við bakið á Íþróttasambandi fatlaðra í þessu stærsta verkefni sem sambandið hefur tekið að sér í 30 ára sögu þess.

Til hamingju Ísland með framkvæmd mótsins – hún var okkur öllum til sóma.

2009
IPC
Swimming



Laugardalslaug á spjöld sögunnar

Óhætt er að segja að sundmennirnir sem mættu til leiks á Evrópumeistaramótið í Laugardal hafi verið í sínu besta formi enda féllu 24 heimsmet á mótinu og 73 Evrópumet. Níu Íslandsmet féllu hjá þeim 13 íslensku sundmönnum sem tóku þátt og áttu Íslendingar einn verðlaunahafa þegar Eyþór Þrastarson landaði silfurverðlaunum í 400m. skriðsundi á tímanum 5:11,54 mín.

Bretar unnu til flestra verðlauna á mótinu en þau voru 94, þar af 39 gull enda kom fjölmennur hópur frá Bretum. Úkraínumenn höfnuðu í 2. sæti með 61 verðlaun og nældu þeir sér í 29 gull. Spánverjar höfnuðu svo í þriðja sæti í verðlaunabaráttunni með 51 verðlaun og af því voru 16 gull. Óhætt er því að fullyrða að Laugardalslaug sé komin á spjöld sögunnar í sundheimi fatlaðra enda munu metin í Laugardalslaug vafalítið standa áfram í einhvern tíma.

Þjóðverjinn Kirsten Bruhn var í fantaformi en hún syndir í flokki S7 og var einn helsti keppinautur Kristínar Rósar Hákonardóttur á sínum tíma. Síðan Kristín Rós hætti afrekssundi hefur Bruhn verið einráð í flokknum en hún setti eitt heimsmet á mótinu í 100m. baksundi er hún kom að bakkanum á tímanum 1:23,63 mín. Svíinn Anders Olsson, eða járnmaðurinn eins og hann er þekktur í heimalandi sínu, var einnig í toppformi í Laugardal. Olsson bætti heimsmet sín í 100m. skriðsundi og 400m. skriðsundi í flokki S6.

Ísland tefldi fram ungum og efnilegum hóp á mótinu og strax á fyrsta degi lét hinn 14 ára gamli Hjörtur Már Ingvarsson vel að sér kveða er hann setti nýtt Íslandsmet í 50m. skriðsundi í flokki S5. Á tímanum komst Hjörtur í úrslit um kvöldið og þar bætti hann metið er hann synti á 50,09 sek. Pálmi Guðlaugsson var næstur á svið með nýtt Íslandsmet í flokki S6 í 50m. skriðsundi. Pálmi synti á tímanum 37,15 sek. en náði sér ekki á strik í undanrásum er hann kom í mark á tímanum 37,38 sek. og hafnaði í 6. sæti í greininni.


Eyþór Þrastarson gerði sér lítið fyrir í 50m. skriðsundi er hann bætti 13 ára gamalt Íslandsmet Birkis Rúnars Gunnarssonar í 50m. skriðsundi í flokki S11. Gamla metið setti Birkir á Ólympíumóti fatlaðra í Atlanta er hann synti á tímanum 31,04 sek. en Eyþór synti á tímanum 30,86 sek.

Pálmi Guðlaugsson kom með nýtt Íslandsmet í 100m. skriðsundi í flokki S6 er hann synti á tímanum 1:24,54 mín. en þrátt fyrir metið dugði sá tími honum ekki inn í úrslitin. Á næstsíðasta keppnisdegi mótsins héldu þeir Pálmi og Hjörtur áfram að bæta sig. Hjörtur bætti sig um samtals hálfa mínútu í 200m. skriðsundi, fyrst 10 sekúndur í undanrásum og svo 20 sekúndur í úrslitum og stendur nýja Íslandsmetið í flokki S5 í 100m. skriðsundi á tímanum 3:50,35 mín. Pálmi var heitur í 50m. flugsundi og synti þar á nýju Íslandsmeti, 43,72 sek. og hafnaði hann í 8. sæti í úrslitum.

Íslenski hópurinn samanstóð af sundmönnum á aldrinum 14-18 ára og því óhætt að segja að framtíðin sé björt hjá íslenska sundlandsliðinu en Ísland átti fjölda sundmanna í úrslitum sem og undanrásum sem eiga eftir að láta rækilega til sín taka í nánustu framtíð.







2009
IPC Swimming



European
Championships

Reykjavík - Iceland







Sjálfbóðaliðastarf á EM 2009

Texti: Anna Karólína Vilhjálmstöddir


Íþróttasamband fatlaðra hefur sýnt hvers það er megnugt, að standa fyrir glæsilegu Evrópumóti fatlaðra í sundi árið 2009. Þetta verkefni hefði aldrei verið framkvæmanlegt nema með aðstoð fjölmargra sjálfbóðaliða. Íþróttahreyfingin hefur frá upphafi treyst á framlag sjálfbóðaliða þegar verkefni eru skipulögð og sjálfbóðaliðastarf er í raun sá grunnur sem íþróttastarf byggir á. Þrjú til fjögur hundruð sjálfbóðaliðar lögðu lið við framkvæmd Evrópumótsins í sundi. Þetta var mjög fjölbreytilegur hópur fólks á öllum aldri og verkefnin jafn misjöfn og þau voru mörg. Það var sérstök stemning sem ríkti á mótinu, jákvæðni og metnaður til að standa saman að því að skila hverjum verkþætti eins og best var á kosið. Fyrirtæki, stofnanir og samtök gáfu starfsfólki frí til að starfa á mótinu og nemendur Laugalækjarskóla og Fjölbrautaskólans í Breiðholti fengu frí til að sinna verkefnum á mótinu. Lionsklúbburinn Eir átti fjölmarga fulltrúa í hópi sjálfbóðaliða sem stóðu vaktina í matsalnum dag eftir dag. Ungliðadeild frá Reykjavíkurdæld Rauða krossins sá um öryggisvörslu á opunarhátíð mótsins sem gekk einstaklega vel. Starfsfólk frá

Vífilfelli skráði sig í sjálfbóðaliðastörf og fékk frí frá vinnu til að taka þátt. Læknar, sjúkrahjálfarar og sjúkrahjálfunarnemar voru á vakt alla dagana en sem betur fer gekk allt vel og fáir þurftu á sérþjónustu að halda. Hvort sem um var að ræða sérhæfð tækni, verkefni á keppnisstað, í matsal, á hótélum eða við ferðapjónustu var valinn maður í hverju rúmi, tilbúinn til að takast á við hvert það verkefni sem upp kom. Starfsfólk frá Íþróttasambandi Íslands (ÍSÍ) og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ) og Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR) tók virkan þátt í starfi sjálfbóðaliða en í þeim hópi er fólk með mikla reynslu og þekkingu af mótahaldi og framkvæmd stórra verkefna. Án samstarfs við Sundsamband Íslands hefði verkefnið ekki verið framkvæmanlegt en ÍF hefur ávallt átt mjög gott samstarf við SSÍ. Dómarar og starfsfólk mótsins stóð langar vaktir með bros á vör, margir með áralanga reynslu að baki af dómgæslu og öðru starfi á sundmótum. SSÍ býr yfir miklum mannaúði á þessu sviði og framtíðin því björt hvað varðar fleiri stórmót á sviði sundíþróttarinnar. Þeir fjölmörgu einstaklingar sem skráðu sig til þátttöku í starfi sjálfbóðaliða komu víða

að og stór hluti þessa hóps hafði engin bein tengsl við starfsemi Íþróttasambands fatlaðra. Það var athyglisvert og sérlega ánægjulegt að njóta liðsinnis fólks sem vildi láta gott af sér leiða án þess að hagsmunir þess væru á nokkurn hátt tengdir verkefninu.

Þrír starfsmenn ÍF munu ásamt stjórnarfólki ÍF aldrei megna að sinna þeim fjölmörgu og ólíku verkefnum sem í gangi eru á hverjum tíma. Starf Íþróttasambands fatlaðra byggist því á starfi sjálfbóðaliða sem skipa fjölmargar nefndir sambandsins. Sama gildir um önnur sérsambönd ÍSÍ en þó er það á engan hátt sjálfgefið að sjálfbóðaliðar séu til staðar þegar á reynir, hvorki innan íþróttahreyfingar né á öðrum vettvangi. Íþróttasamband fatlaðra telur mikilvægt að fólk finni að framlag þess sé metið að verðleikum, sama hvert umfang verkefnis er.

Sjálfbóðaliðar á EM 2009 fá innilegar þakkir fyrir ómetanlega aðstoð við framkvæmd mótsins.



Við styðjum Íþróttasamband fatlaðra

Pixlar ehf.
 Pípulagnaverktakar ehf.
 Portfarma ehf.
 Prentlausnir ehf.
 Prentsmiðjan Oddi hf.
 Profilstál ehf.
 Protak ehf.
 Pökkun og flutningar ehf.
 R4 ehf.
 Rafey ehf.
 Rafstilling ehf.
 Rafsvið sf.
 Raftíðni ehf.
 Rafverk sf.
 Rafþjónustan
 Raförninn ehf.
 Rakarastofa Gríms ehf.
 RARIK hf.
 Reykjavíkúrprófastdæmi eystra
 Réttarholtsskóli
 Réttur ehf. - Adalsteinsson & Partners
 Rolf Johansen & co. ehf.

Ræstivörur ehf.
 S.Í.B.S.
 S.Ó.S. Lagnir ehf.
 Salli ehf.
 Samhjálp félagasamtök
 Samtök um kvennaathvarf
 Saumsprettan ehf.
 Seljakirkja
 Setberg bókaútgáfa
 Shalimar
 Sigmundur Hannesson hrl.
 Sigurður I. Halldórsson hdl.
 Sigurraf ehf.
 Sjómannahæimilið Örkin
 Sjóvélar ehf.
 Sjúkráþjálfun Ártúnshöfða sf.
 Sjúkráþjálfunarstöð Önnu K. Ottesen
 Skaftfell
 Skógarbær, hjúkrunarheimili
 Skólavefurinn ehf. - www.skolavefurinn.is
 Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins
 Smith & Norland hf.

Smurstöðin, Fosshálsi 1
 Snerruútgáfan ehf.
 Snyrtisetrið Domus Medica
 Snæland Grímsson ehf. Hóperðabílar
 SP Tannréttingar
 Sprinkler-pípulagnir ehf.
 SR múr ehf.
 Stepp ehf.
 Stólpi ehf.
 Strætó bs.
 Stúdíó Stafn ehf.
 Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra
 Svanur Ingimundarson Málameistari
 Sveinsbakarí ehf.
 Svissinn hjá Steina
 Söluturninn Drekin
 Sönglist – Söng- og leiklistarskóli
 Söngskólinn í Reykjavík
 T. ARK teiknistofan ehf.
 Tannlæknast. Sigurðar Rósarsonar

Alvöru steikur

Skrúður á Hótel Sögu



Girnilegur steikarmatseðill

Alvöru, sérvaldar steikur og steikarhamborgarar. Njóttu fullkominnar kvöldstundar á notalegum stað.

Brunch á sunnudögum

Ljúf stund fyrir fjölskylduna alla sunnudaga frá kl. 11.30–14.00.
Morgun- og hádegisverður – það besta úr báðum á fjölbreyttu hlaðborði.

Meira á www.skrudur.is

Skrúður / Radisson SAS Hótel Saga / Sími: 525 9900 / www.skrudur.is

Skrúður
bistro • restaurant • bar



Lionsklúbburinn EIR

Texti: Camilla Th., Hallgrímsson

Í byrjun október 2009 var Lionsklúbburinn Eir beðinn um að aðstoða Íþróttasamband fatlaðra við sjálfbóðaliðastörf í tengslum við að sambandið hafði ráðist í það stórvirki að halda Evrópumeistaramót fatlaðra í sundi í nýju innisundlauginni í Laugardal í Reykjavík.

Undirbúningur hafði byrjað tæpu ári áður og IPC (International Paralympics Committee, alþjóðasamband íþrótta fatlaðra) hafði samþykkt alla tæknilega þætti mótsins en fylgja þarf mjög ströngum gæðakröfum ef mót er haldið í nafni IPC. Viðurkennd mót gefa stig á heimslista og eru því mikilvæg fyrir fatlaða íþróttamenn.

Þegar leitað var til klúbbsins höfðu 430 keppendur skráð sig til leiks auk

aðstoðarfólks, þjálfara og fjölmiðlafólks þannig að búist var við ca. 720 – 750 manns. Ýmis þjónusta þurfti því að vera til staðar fyrir þennan stóra hóp, m.a. keyrsla á milli hótela, matsalar og keppnisstaða, læknisþjónusta, þjónusta í matsal og fleira.

Fulltrúar Lionsklúbbsins Eirar tóku að sér að sjá um aðstoð í matsal, sem var í anddyri Laugardalshallar, en boðið var upp á hádegis- og kvöldmat. Matsalurinn var með tveimur langborðum hlöðnum af grænmeti, ávöxtum og góðum íslenskum mat og sæti voru á tveimur hæðum.

Ingiberg og Steinunn frá Café Easy sáu um matseldina ásamt sínu fólki. Lionsklúbburinn Eir skipti með sér vöktum, hádegis- og kvöldvakt þar sem 8 – 12 konur sáu um að hjálpa við að

setja mat á disk, úthluta vatni, fara með disk og glös til til uppvaskara, þurka af borðum, fylla á tómar ávaxta- og grænmetisrákar og fylla kæliskápana af íslensku vatni í flöskum!!! Það var mikið reynt að fá útlendingana til að drekka ískalt nýtt vatn úr könnum sem voru á borðum ...en þau trúðu því ekki alveg að vatnið í vatnskönnunum væri „nýrra“ og betra.

Verkefnið gekk mjög vel og Lionskonur voru ánægðar með að geta liðsinnt ÍF og lagt fram sína vinnu endurgjaldslaust. Lionsklúbburinn Eir hefur áður aðstoðað við ýmis verkefni sem ÍF hefur staðið að, m.a. unnið sjálfböðavinnu í tengslum við norrænt barna- og unglingamót, veitt styrki til starfsins og fleira.



UMHVERFISSTOFNUN




mjólk
er góð

TIL HAMINGJU!

Össur hf. óskar Íþróttasambandi fatlaðra til hamingju með nýafstaðið Evrópumót fatlaðra í sundi.



Allt frá stofnun Íþróttasambands fatlaðra fyrir 30 árum hefur sambandið notið ótrúlegs velvilja og stuðnings hinna ýmsu fyrirtækja, samtaka og alls almennings. Þannig hafa mörg þeirra fyrirtækja, sem í dag eru meðal helstu samstarfs- og stuðningsaðila sambandsins, verið það í áratugi og sumir allt frá stofnum sambandsins.

Í kjölfar bankahrunsins og niðursveiflunnar sem henni varð samfara og bitnaði ekki minnst á stuðningi fyrirtækja við hin ýmsu íþróttafélög og sérsambönd, hefur Íþróttasamband fatlaðra verið þeirrar gæfu aðnjótandi að nánast allir samstarfsaðilar undangenginna ára hafa endurnýjað samninga sína við sambandið.

Meðal þeirra fyrirtækja sem nýlega hafa endurnýjað samninga sína við ÍF má geta Flugfélags Íslands en sá samningur tryggir ÍF og íþróttamönnum þess flugfargjöld á sérkjörum á leiðum félagsins.

Nýlega var einnig skrifað undir endurnýjaðan samning milli VISA Ísland og ÍF um undirbúning og þátttöku Íslands í Ólympíumóti fatlaðra í London 2012.

Í tengslum við Evrópumeistarmót fatlaðra í sundi, sem fram fór nú í októbermánuði, fékk sambandið til liðs við sig ýmis fyrirtæki vegna kostunar á mótinu.

Össur hf. er einn stærsti samstarfs- og styrktaraðili Íþróttasambands fatlaðra ásamt Rúmfatalagernum en Össur hf. gerðist aðalstyrktaraðili Evrópumeistaramótsins með veglegum fjárstyrk ásamt því að leysa keppendur og fylgdarlið út með gjafapokum sem innihéldu varning tengdan fyrirtækinu. Án aðkomu Össurar hf. hefði verið ógjörningur að halda mótið og kann ÍF fyrirtækinu bestu þakkir fyrir ómetanlega aðstoð við ógleymanlegt mót.

Fleiri urðu til að svara kallinu á Evrópumótinu. Orkuveita Reykjavíkur stóð þétt að baki ÍF við undirbúning og framkvæmd mótsins en auk fjárstyrks kom OR færandi hendi með heilu brettin af drykkjarvatni sem kom sér vel fyrir keppendur á meðan á mótinu stóð. Þá var íslenski landsliðshópurinn í sundi einnig kynntur til leiks í húsnæði Orkuveitunnar skömmu fyrir mót.

Icelandair, einn aðalstyrktaraðili ÍF til fjölda ára, sá um að flytja nánast alla keppendur og þeirra fylgdarlið til og frá landinu á meðan móti stóð. Þrekvirkir var unnið af hálfu Icelandair og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar því aldrei áður hafa jafn margir einstaklingar með fötlun farið í gegnum flugstöðina á svo skömmum tíma. Skipti þar sköpum góð samskipti við flugfélagið sem og forsvarsmenn á flugvellinum.

Á mótinu var afar mikilvægt að hafa allar samskiptaleiðir sem bestar úr garði gerðar og þar kom Síminn inn í myndina. Óþrjótandi þekking fyrirtækisins við þjónustu á samskiptasviðinu var enn ein rós í hnappagat Íslands við framkvæmdina en erlendir fjölmiðlar og aðrir þurftu á öflugri samskiptamiðstöð að halda svo að unnt væri að greina fljótt og örugglega frá mótinu. Þá kom Síminn einnig færandi hendi og sá til þess að lykilstjórnendur mótsins væru í góðu sambandi allan tímann.

Ekki var vanþörf á mannafla við mótið og þar fundu ÍF og Vífilfell skemmtilegan flöt á málinu, fyrir utan mjög svo rausnarlega gjöf á drykkjarföngum unnu starfsmenn Vífilfells sem sjálfboðaliðar á mótinu, m.a. í körfuburði fyrir keppendur.

Að lokum er vert að geta framlags Opinna kerfa til mótsins en fyrirtækið sá m.a. um að tölvuvæða það auk þess sem þeir gáfu ÍF forlata fartölvu sem framvegis verður notuð á sundmótum í innilauginni í Laugardal.



Texti: Jón Björn Ólafsson

Mót innanlands

Dagana 28. – 29. nóvember fór Íslandsmót ÍF í sundi 25 m laug fram í Sundmiðstöðinni í Laugardal. Keppendur voru um 90 talsins frá 9 félögum og meðal þeirra allir íslensku þátttakendurnir í Evrópumeistaramótinu sem fram fór hér á landi í október. Glæsilegur árangur náðist á mótinu þar sem alls voru sett átján Íslandsmet, fjórtán í flokkum hreyfihamlaðra og fjögur í flokki blindra og sjónskertra. Án efa hefur Evrópumeistaramót fatlaðra í sundi virkað sem vítamínsprauta fyrir keppendur á Íslandsmótinu flestir bættu persónuleg met sín í hinum ýmsu greinum að ógleymdum þeim sem slógu stærri met.

Texti: Ólafur S. Magnússon



Íslandsleikar Special Olympics í frjálsum íþróttum og knattspyrnu voru haldnir laugardaginn 12. september 2009 í Egilshöll, Reykjavík. Íþróttafélagið Ösp var umsjónaraðili mótsins í samvinnu við ÍF og KSÍ. Dómarar á vegum KSÍ sáu um dómgæslu í knattspyrnu eins og verið hefur. Frjálsíþróttanefnd ÍF skipulagði keppni í frjálsum íþróttum sem fram fór fyrir hádegi en eftir hádegi hófst keppni í knattspyrnu. Aðildarfélög ÍF, Akur, Gnýr, Nes, Suðri, Snerpa og Ösp sendu keppendur á leikana sem tókust mjög vel.



Þátttaka í erlendum mótum



Texti: Ólafur S. Magnússon

Fatlaðir íslenskir íþróttamenn hafa verið á ferð og flugi þetta árið eins og mörg undangengin ár. Þó svo að komið hafi verið upp frábærri íþróttastöðu hér innanlands og okkar fólk taki þátt í fjölda móta á innlendum vettvangi er ávallt nauðsynlegt að fremsta afreksfólk úr röðum fatlaðra taki þátt í mótum erlendis. Snýst þátttaka þeirra í þessum erlendu mótum um að ná tilskyldum lágmörkum og/eða styrkleikastigum sem nauðsynleg eru til þátttöku í hinum ýmsu mótum sem Alþjóðaólympíuhreyfing fatlaðra stendur fyrir, s.s. Evrópu- eða heimsmeistaramótum.

Sá sem mest hefur verið á ferðinni þetta árið er borðtenniskappinn Jóhann R. Kristjánsson úr Nesi, Reykjanesbæ sem alls tók þátt í átta mótum erlendis. Þar með talið er Evrópumeistaramót fatlaðra í borðtennis í Genoa á Ítalíu í júní. Fyrir Evrópumeistaramótið tók Jóhann þátt í þremur mótum þar sem hann landaði m.a. gullverðlaunum í liðakeppni opna rúmenska borðtennismótins. Á Evrópumeistaramótinu keppti Jóhann ásamt Tómasi Björnssyni úr ÍFR.

Jóhann keppir í fötlunarflokki C2, en hann er lamaður fyrir neðan brjóst. Tómas keppir í flokki C6. Hreyfihömluðum í borðtennis er skipt í 10 flokka þar sem C1 – C5 er sitjandi flokkur en flokkur C1 er flokkur mest fatlaðra. Flokkar C6 – C10 eru standandi flokkar þar sem C6 eru mest fatlaðir. Tómas komst ekki upp úr sínum riðli en Jóhann komst í 12 manna úrslit í sínum flokki. Báðir dattu þeir snemma úr leik í opnum flokki. Heimsmeistaramót fatlaðra í borðtennis fer fram í Seoul í Suður-Kóreu í október 2010. Þátttökurétt á mótinu öðlast 18 stigahæstu borðtennisspilarnar í hverjum flokki. Til þess að ávinna sér þátttökurétt í Seoul hélt Jóhann ótrauður áfram þátttöku í styrkleikamótum víða um heim. Þannig tók Jóhann þátt í fjórum mótum seinni hluta ársins 2009, í Þýskalandi, á Ítalíu, í Argentínu og í Brasilíu. Bestum árangri náði hann í Argentínu þar sem hann vann til silfurverðlauna í liðakeppni auk þess að komast í átta manna úrslit í öllum þessum mótum. Óhætt er að fullyrða að fáir íslenskir afreksíþróttamenn leggja jafn mikið í sölurnar til þess að ná markmiðum sínum og vonandi skilar þessi elja Jóhanns honum alla leið til

Suður-Kóreu árið 2010. Þess má og geta að Jóhann Rúnar hefur gert það gott á mótum ófatlaðra hér innanlands og sigraði m.a. í fyrsta flokki á Íslandsmóti BTÍ – Borðtennissambands Íslands og keppir því í meistaraflokki BTÍ árið 2010.

Í sundi gerði Eyþór Þrastarson sér lítið fyrir á opna þýska sundmótinu og setti Evrópumet í flokki blindra í 800 m skriðsundi. Þetta er jafnframt Íslandmet í greininni og hefur Eyþór nú á árinu sett þrjú Íslandsmet sem öll voru áður í eigu Birkis Rúnars Gunnarssonar, þess öflugra sundmanns frá árum áður.

Sem undirbúning fyrir Global Games eða Heimsleika þroskaheftra tóku sundgarparnir Jón Margeir Sverrisson úr Ösp og Ragnar Ingi Magnússon úr Firði þátt í opna breska sundmótinu þar sem þeir stóðu sig með mikilli þrýði. Nánar er fjallað um þátttöku þeirra á Global Games annars staðar í blaðinu.

Radisson SAS Hótel Sögu við Hagatorg þekkja allir enda hefur hótelið verið hluti af íslenskri ferðaþjónustu í yfir 40 ár. Hótelið býður upp á frábæra gistingu, rómaða veitingastaði, líkamsrækt, vandaða fundar- og rástefnuaðstöðu og glæsilega veislusali.

Matur og drykkur

Á Sögu geta gestir notið alls hins besta í mat og drykk. Á jarðhæð hótelsins eru Mímisbar og Skrúður. Á Mímisbar er kjörið að setjast niður með kaffibolla eða drykk eftir annasaman dag og í Skrúði finna allir rétt við hæfi á fjölbreyttum matseðli staðarins. Andrúmsloftið er afslappað og staðurinn frábær fyrir léttu viðskiptafuni og ljúfar fjölskyldustundir.

Grillið á 8. hæð er einn rómaðasti veitingastaður borgarinnar. Matur og vín í hesta gæðaflokki og stórkostlegt útsýni yfir borgina.



Heilsa og vellíðan

Mecca Spa á Hótel Sögu er fullkomin líkamsræktarstöð og heilsulind. Gestir á ferðalagi þurfa því ekki að láta heilsuræktina sitja á hakanum. Í Mecca Spa er tilvalið að láta dekra við sig og losa um uppbyggða spennu.



Ráðstefnur og mannamót

Hótel Saga hefur glæsilega ráðstefnuaðstöðu. Tækjabúnaður er af bestu gerð og allt skipulagt af sérfræðingum. Salirnir henta einnig sem veislusalir, einn sá glæsilegasti er Súlnasalur sem tekur allt að 400 manns í sæti.

Farsælt samstarf

Hótel Saga er stoltur styrktaraðili Íþróttasambands fatlaðra og hefur í mörg ár átt farsælt samstarf við félagið. M.a. fer útnefning á Íþóttamanni ársins hjá sambandinu fram í einum af söllum hótelsins á hverju ári. Frá upphafi hafa báðir aðilar lagt sig fram um að samstarfið gangi sem best og hefur tekist vel til. Þess vegna hafa Radisson SAS Hótel Saga og Íþróttasamband fatlaðra haldið þessu samstarfi við ár eftir ár.



Íslandsmót ÍF í boccia einstaklingskeppni 2009

200 keppendur frá 15 aðildarfélögum Íþróttasambands fatlaðra tóku þátt í Íslandsmóti í boccia, einstaklingskeppni sem fram fór 3.-4. október á Selfossi. Lokahóf var á Hótel Selfossi.

Íþróttafélagið Suðri á Selfossi, sem er eitt af aðildarfélögum ÍF, sá um framkvæmd mótsins í samvinnu við boccianefnd ÍF. Keppt var í tveimur íþróttahúsum, íþróttahúsinu Iðu og íþróttahúsinu Sólvöllum. Nemendur FSU sáu um dómgæslu á mótinu ásamt félagsmönnum áhugafélags um íþróttir aldraðra og fleiri aðilum. Íþróttafélagið Suðri naut aðstoðar fjölda fólks á Selfossi og nágrenni við undirbúning og framkvæmd mótsins. Fyrirtæki styrktu verkefnið og íþróttafélagið nýtur greinilega mikils velvilja á Suðurlandi. Öll framkvæmd mótsins var íþróttafélaginu Suðra til mikils sóma og félagsmenn Suðra stóðu sig allir mjög vel á heimavelli.





Landsbankinn



SJÓVÁ

Tannlæknast. Þórarins Jónssonar
Tannlæknastofa Birgis Ólafssonar
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur
Tannlæknastofa Sigríðar Rósu
Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar
Tannlæknastofa Ögmundar Mána Ögmundssonar
Tannlækningastofan Borgartúni 33
Tannréttingar sf.
Tannsmíðaverkstæðið hf.
Tannsteini ehf.
Tennis- og badminton félag Reykjavíkur
Textill og Kaffi Loki
TGM Ráðgjöf
Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði
Tónastöðin ehf.
Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar
Trex Hóperðamiðstöðin ehf.
Tryggingamiðlun Íslands ehf.
Túnpökupjónustan ehf.
Tækniskólinn v/Bókasafns
Tölvu- og tækniþjónustan hf.
Tösku- og hanskabúðin hf.
Umhverfisráðuneytið
Umslag ehf.
Unglingaheimili ríkisins
Útfararstofa kirkjugarðanna
Útfararþjónustan ehf.
Útflutningsráð Íslands
Trade Council of Iceland
Vagnasmiðjan
VATH Verkfr.stofa Aðalsteins Þórðarsonar
VDO - verkstæði ehf.
Veggsport ehf.
Veiðipjónustan Strengir
Verk-Co ehf.
Verkfræðistofa Stanleys Pálssonar hf.
Verkfræðistofan LH-tækni ehf.

Verkfræðistofan VIK ehf.
Verkís hf.
Verkstólpi ehf.
Verksýn ehf.
Verkvík ehf.
Vernd - Fangahjálp
Verslunin Fríða frænka ehf.
Vesturgarður ehf.
Vélasalan R. Sigmundsson ehf.
Vélmark ehf.
Vilhjálmsson sf.
Víkingslóðir – Ferðaskrifstofan
Víkur-ós ehf.
Vínberið
VR
VS Ráðgjöf ehf.
VSÓ ráðgjöf ehf.
VT Þjónustan ehf.
Waldorfleikskólinn Sólstafr
Yogastöðin Heilsubót
Þín verslun ehf.
Þjóðminjasafn Íslands
Þjóðskjalasafn Íslands
Þórsútgáfan ehf.
Þrep ehf. – Endurskoðun
Þvottahús A. Smith ehf.
Ögurvík hf.
Ökukennsla Sverris Björnssonar
Ökumælar ehf.
Seltjarnarnes
About Fish Íslandi ehf.
Nýjaland ehf.
Parketþjónusta – Falleg gólf ehf.
Prentsmiðjan Nes ehf v. Nesfrétta
Vökvatæki ehf.
Önn Verkfræðistofa ehf.



Evrópuráðstefna Special Olympics

Jóhann Arnarson, Anna K Vilhjálmsdóttir, Roald frá Noregi, Jonatan frá Svipjóð og Asa Torheim frá SOI

Evrópuráðstefna Special Olympics fór fram í Varsjá í Póllandi dagana 4. – 8. október 2009.

Fulltrúar ÍF á ráðstefnunni voru Anna Karólína Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri Special Olympics á Íslandi og Jóhann Arnarson, íþróttastjóri Special Olympics á Íslandi.

Á ráðstefnunni kynnti Asta Torheim, framkvæmdastjóri alþjóðaleika Special Olympics, nýjar áherslur samtakanna þar sem gæði íþróttastarfs verða sett í forgrunn. Special Olympics samtökin hafa á undanförunum árum staðið fyrir sífellt fleiri verkefnum sem tengjast öðru en því sem snýr beint að íþróttastarfinu. Þar má nefna verkefni sem tengjast mennta- og heilbrigðiskerfinu og ýmis sérverkefni sem aðildarlönd hafa oft átt erfitt með að taka virkan þátt í. Áfram verður haldið með ákveðin sérverkefni en áhersla verður í ríkari mæli lögð á að bæta og þróa það sem snýr að íþróttabjálfun og keppnisformi. Mikil umræða varð um gæði starfsins og aukið samstarf Evrópulanda. Kynnt var samstarfsverkefni Special Olympics við

háskóla í Póllandi og fleiri verkefni sem talin voru henta í Evrópusamstarfi og á alþjóðavettvangi.

Á ráðstefnunni var kynnt dagskrá Evrópuleika Special Olympics 2010 sem munu fara fram í Varsjá 18. – 23. september 2010. Þau lönd sem þess óska geta dvalið í „vinabæ“ áður en leikarnir hefjast en Ísland hefur ekki fengið staðfest hvaða bær verður vinabær Íslands.

Keppnisgreinar eru: Badminton, keila, lyftingar, frjálsar íþróttir, borðtennis, tennis, körfubolti, knattspyrna kvenna og hjólaskautar. Ísland hefur fengið úthlutað kvóta í badminton, borðtennis, keilu, frjálsum íþróttum og lyftingum. Sundkeppni var felld niður þar sem áætlanir um byggingu sundlaugar stóðust ekki vegna efnahagserfiðleika.

Antwerpen í Belgíu hafði einnig sótt um að halda leikana og aðeins munaði einu atkvæði á Belgíu og Póllandi. Þetta mál var því viðkvæmt en fólk var meðvitað um að það væri mikilvægt fyrir Austur-Evrópu að halda leikana 2010. Borgarstjórinn í Varsjá bauð gestum til móttöku og í lok

ráðstefnu var kynnt undirbúningsnefnd Evrópuleikanna 2010. Á ráðstefnunni voru kynntir Alþjóðaleikar Special Olympics, sem haldnir verða í Aþenu í Grikklandi dagana 20. júní – 4. júlí 2011, en þar er búist við 7500 keppendum.

Á ráðstefnunni var hverju landi afhent mappa sem innihélt niðurstöður fjölmargra rannsókna sem fram hafa farið á vegum Special Olympics í Evrópu og á alþjóðavettvangi.


Hjálögð eru myndrit sem sýna niðurstöður tveggja rannsókna sem kynntar voru á ráðstefnunni en þar er tekið mið af þátttöku í verkefnum á vegum Special Olympics í Evrópu og á alþjóðavettvangi;

Efri myndin sýnir niðurstöður rannsókna á viðhorfi foreldra gagnvart þátttöku í íþróttastarfi.


Neðri myndin sýnir niðurstöður rannsókna sem sýndi mat kennara á áhrifum hreyfipjálfunar ungra barna.

Texti; Anna Karólína Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri Special Olympics á Íslandi

Mikilvægustu áhrif íþróttaiðkunar að mati foreldra



Framför í hópi 2-7 ára að mati kennara





Aðalfundur Alþjóðaólympíu- hreyfingar fatlaðra – IPC

Texti: Ólafur S. Magnússon

Dagana 21. – 22. nóvember var haldinn í Kuala Lumpur í Malasíu aðalfundur Alþjóðaólympíuhreyfingar fatlaðra – IPC sem er skammstöfun á International Paralympic Committee. Samtökin, sem stofnuð voru í september 1989, eru regnhlífasamtök hinna ýmsu alþjóðasamtaka fatlaðra íþróttamanna og eru auk þeirra 162 lönd aðilar að hreyfingunni. Höfuðstöðvar IPC eru í Bonn í Þýskalandi þar sem markmið samtakanna er auk fræðslu- og útbreiðslustarfs og útgáfu laga og leikreglna að skipuleggja Ólympíumót fatlaðra í sumar- og vetrariþróttum fatlaðra ásamt því að samræma og skipuleggja álfu- og heimsmeistaramót í hinum ýmsu íþróttagreinum sem fatlaðir leggja stund á.

Dagana 19. og 20. nóvember, þ.e. dagana fyrir aðalfundinn, stóð IPC fyrir ráðstefnu og kynningum varðandi ýmis mál sem tengjast starfi íþróttasambanda fatlaðra í hverju landi. Þannig bar ráðstefnan yfirskriftina „Hæfniskröfur vegna þátttöku þroskaheftra í íþróttum“ og þær kynningar sem í boði voru fjölluðu

m.a. um „markaðssetningu“ íþróttatlaðra og flokkunar- og lyfjamál, svo að nokkuð sé nefnt.

Aðalfundinn sjálfan, sem var 14. aðalfundur IPC frá stofnun samtakanna, sátu um 350 manns frá 115 löndum. Einnig sátu fundinn með tillögu- og atkvæðarétt fulltrúar hinna ýmsu íþróttagreina og forsvarsmanna alþjóðasamtaka fatlaðra íþróttamanna. Auk venjulegra aðalfundarstarfa gafst þingfulltrúum kostur á að hlýða á kynningar framkvæmdaaðila næstu Ólympíumóta fatlaðra, Vancouver 2010, London 2012, Sochi 2014 og Rio 2016. Aðalfundurinn samþykkti ýmsar breytingar sem miðuðu að því að einfalda stjórnkerfi samtakanna og laga það að breyttum tímum. Þá var ný 13 manna stjórn IPC kosin þar sem Sir Phil Craven frá Bretlandi var endurkjörinn forseti. Því miður náði eini Norðurlandabúinn, Karl Vilhelm Nielsen frá Danmörku, ekki kjöri en í hina nýju stjórn voru kosnir fulltrúar frá öllum heimsálfum auk þess sem hina nýju stjórn skipa nú þrjár konur.

Samsetning stjórnarinnar ætti því að endurspegla vel hin ýmsu sjónarmið sem fram kunna að koma og verður vonandi IPC til gæfu í framtíðinni.

Sú samþykkt sem mesta umræðu hlaut og sannarlega var stærsta mál aðalfundarins var tillagan um að heimila þroskaheftum íþróttamönnum þátttöku í Ólympíumótum fatlaðra að nýju.

Í kjölfar svindlmála, sem upp komu á Ólympíumótinu í Sidney árið 2000, setti IPC bann á þátttöku þeirra þar til viðunandi lausn fengist á flokkunarmálum þessa hóps. Undanfarin ár hefur hópur vísindamanna og sérfræðinga í þroskahömlun unnið að þessum málum og kynntu þeir niðurstöður sínar um takmörkun þroskahömlunar á íþróttalega getu á ráðstefnu sem haldin var í tengslum við aðalfundinn.

Samþykkt aðalfundarins opnar dyr þroskaheftra íþróttamanna að Ólympíumótum framtíðarinnar að uppfylltum

tveimur skilyrðum. Annars vegar að undangengnu mati um þroskahömlun viðkomandi og hins vegar mati sérfræðinga viðkomandi íþróttagreinar um hæfni viðkomandi íþróttamanns til þátttöku í greininni. Slíkt hæfnismat er byggt upp á prófum sem tengjast „íþróttalegri greind“ viðkomandi í þeirri íþróttagrein sem hann stundar og unnt er að framkvæma á staðnum.

Enn sem komið er eru próf þau er hér um ræðir ekki fullmótuð en stefnt er að því að þau verði tilbúin og öllum opin um mitt ár 2010.

Ofangreind samþykkt heimilar þroskaheftum íþróttamönnum að keppa í fjórum íþróttagreinum á Ólympíumóti fatlaðra í London árið 2012, þ.e. sundi, frjálsum íþróttum, borðtennis og róðri en stefnt er að þátttöku þeirra í fleiri greinum í Ólympíumótum framtíðarinnar.

Upplýsingar um lágmörk í þeim greinum sem þroskaheftir taka þátt í verða, líkt og annarra fötlunarflokka, birt í byrjun árs 2010.

Með samþykkt þessari lýkur áralangri baráttu Íslands og annarra landa um lausn þessa máls en það voru fulltrúar Íslands,



sem lögðu fram tillögu á aðalfundi IPC árið 2007 sem leiddi til þessarar farsælu lausnar. Í tengslum við tillögu þessa tók Ísland að sér að standa að framkvæmd Evrópumeistaramóts fatlaðra í sundi þar sem þroskaheftir sundmenn voru, í fyrsta sinn síðan árið 2000, með í móti sem IPC stendur fyrir. Á mótinu voru m.a. þau próf og mælingar sem að ofan greinir notuð og sannreynd og útkoma þeirra og fleiri prófa notuð til að kynna niðurstöður á ráðstefnunni.

Um leið og Íþróttasamband fatlaðra fagnar niðurstöðu þessari vill sambandið koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem lagt hafa þessu máli lið sem og fulltrúum ríkisvaldsins fyrir þeirra aðstoð.



Við styðjum Íþróttasamband fatlaðra

Vogar

Café Blue – Blátt ehf.
Nesbúegg ehf.
V.P. Vélaverkstæðið ehf.

Kópavogur

Aalborg Portland á Íslandi hf.
Allianz hf.
Allt mögulegt ehf.
Arctico - Röramyndun-skolplagnaviðg.
Arinsmíði A-Ö – Jón Eldon Logason
Arnardalur sf.
Arnarljós
Bílalakk ehf.
Bílaþvottastöðin Löður ehf.
Bílhúsið
Bjarni Runólfsson
BJ-verktakar ehf.
Blikkform ehf.
Body Shop
Debenhams Smáralind
DK Hugbúnaður

Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands
Einar Beinteins ehf. – Dúkalagnir og Veggfóðrun
ERGO Lögmenn
Eyfeld ehf.
Fiskbúðin
Fiskbúðin okkar
Garðlist - Alhliða garðyrkjunþjónusta
Gistiheimilið BB 44
Goddí ehf.
Gólflist ehf.
Grasavinafélagið Gunnarshólma
Hellur og garðar ehf.
Hugbúnaður hf.
Ingimundur Einarsson ehf.
Íslandsspil sf.
Járnsmiðja Óðins ehf.
Klukkan verslun
Kópavogsbær
Kríunes ehf.

Körfuberg ehf.
Lax-á ehf.
Ljós og lausnir ehf. rafverktakar
Lögmennsstofa SS ehf.
Mecca Spa ehf.
Modelskartgripir
Norm-X ehf.
Púst ehf.
Rafbraut ehf.
Rafhólt ehf.
Rafmiðlun ehf.
Rafport ehf.
Raftækjavinnustofa Einars
Stefánssonar
Réttir bílar ehf.
Samval ehf.
Seafood Union ehf.
Smáréttingar ehf. – Réttingaþjónusta
Smurstöðin ehf.
Snælandsskóli



Íþróttafólk ÍF ársins 2009

F.v. Sonja Sigurðardóttir, Eyþór Þrastarson
og Jóna B. H. Jónsdóttir

Íþróttasamband fatlaðra hefur valið Sonju Sigurðardóttur íþróttakonunni ársins 2009 og Eyþór Þrastarson íþróttamann ársins 2009. Stjórn ÍF samþykkti samhljóða að handhafi Guðrúnarbikarsins árið 2009 væri Jóna B. H. Jónsdóttir.

Sonja Sigurðardóttir er fædd árið 1991 og er uppalinn Reykvíkingur.

Sonja er nemandi við Borgarholtsskóla en fötlun hennar er takmarkaður vöðvastyrkur í öllum útlimum og hún hefur lítinn sem engan vöðvastyrk fyrir neðan hné og olnboga. Sonja keppir í flokki S5 og syndir fyrir Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík, ÍFR. Þjálfarar Sonju í gegnum tíðina hafa verið þeir Jón Heiðar Jónsson, Halldór Guðbergsson og Erlingur Þ. Jóhannsson.

Árangur Sonju á árinu 2009:

Í febrúar vann Sonja til gullverðlauna á Malmö Open mótinu í Svíþjóð.

Í apríl vann Sonja til tvennra gullverðlauna á Íslandsmóti ÍF í 50m. laug og 50m. skrið og 50m. baksundi.

Í október sl. tók Sonja ásamt 12 öðrum fötluðum sundmönnum í fyrsta sinn

þátt í Evrópumeistaramóti fatlaðra í sundi sem fram fór hér á landi. Þar stóð Sonja sig með miklum ágætum þótt hún ynni ekki til verðlauna og hafnaði í 5. sæti í 100m. baksundi, 6. sæti í 50m. baksundi og 8 sæti í 50m. skriðsundi.

Í nóvember keppti Sonja á Íslandsmóti ÍF í 25m. laug og vann til nokkurra verðlauna.

Þrátt fyrir minnkandi vöðvastyrk sökum sjúkdóms þess er Sonja glímur við heldur hún ótraud áfram æfingum og keppni og stefnir markvisst að betri árangri og að því að ná enn lengra í íþrótt sinni.

Eyþór Þrastarson er fæddur árið 1991 og er uppalinn Reykvíkingur.

Eyþór Þrastarson er nemandi við Kvennaskólann í Reykjavík. Hann hefur undanfarið ár tekið miklum framförum í sundlauginni og er nú einn besti sundmaður í flokki blindra sem Ísland hefur átt.

Eyþór er blindur frá fæðingu og keppir í flokki S11 en hann syndir fyrir Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík, ÍFR og Sundfélagið Ægi þar sem hann hefur stundað æfingar

frá því er Ólympíumótinu í Peking 2008 lauk. Þjálfarar Eyþórs frá upphafi eru Erlingur Jóhannsson, Jón Heiðar Jónsson, Halldór Guðbergsson hjá ÍFR og Jacky Pellerin hjá Ægi.

Árangur Eyþórs á árinu 2009

Í mars tók Eyþór þátt í Íslandsmóti ÍF í 50m. laug og vann þar þrenn gullverðlaun sem og sigur í 400m. skriðsundi í opnum flokki. Í nóvember vann Eyþór til fernra gullverðlauna á Íslandsmóti ÍF í 25m. laug sem fram fór í Laugardal.

Á Ármannsmótinu, sem fram fór í aprílmánuði og fatlaðir voru meðal keppenda bætti Eyþór 12 og 13 ára gamalt Íslandsmet sundkappans Birkis Rúnars Gunnarssonar í 200m. og 400m. skriðsundi

Í maí tók Eyþór þátt í Opna þýska meistaramótinu í sundi þar sem hann gerði sér lítið fyrir og setti Evrópumet í flokki blindra í 800m. skriðsundi. Þetta er jafnframt Íslandmet í greininni.

Í október tók Eyþór í fyrsta sinn þátt í Evrópumeistaramóti fatlaðra í sundi sem fram fór hér á landi. Þar var

Íþróttafólk ÍF ársins 2009

Eyþór eini Íslendingurinn sem vann til verðlauna er hann hlaut silfurverðlaun í 400m. skriðsundi. Þá sló hann einnig 13 ára gamalt Íslandsmet Birkis Rúnars í 50m. skriðsundi auk þess að hafna í 8. sæti í 100m. skriðsundi og 7. sæti í 100m. baksundi.

Alls hefur Eyþór nú á árinu sett fjögur Íslandsmet sem öll voru áður í eigu Birkis Rúnars Gunnarssonar, þess öfluga sundmanns frá árum áður.

Handhafi Guðrúnarbikarsins árið 2009 er Jóna B. H. Jónsdóttir

Jóna B. H. Jónsdóttir hefur verið virkur félagi í ÍFR, íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík í fjölmörg ár. Fyrst sem keppandi í boccia, síðan sem aðstoðarmaður á æfingum og í ferðum á vegum ÍFR. Undanfarin ár hefur hún starfað sem þjálfari hjá félaginu. Í þeim fjölmörgu ferðum sem Jóna hefur farið á vegum ÍFR hefur hún ekki látið fötlun sína aftra sér frá því að aðstoða aðra

